



## Fundargerð hreppsnefndar 16. október 2014

Fundur nr. 7 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 16. október 2014 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Friðrik Óli Atlason, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir, Magnús Þór Róbertsson og Einar Björn Kristbergsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a) Fundargerð menningarmálanefndar frá 08. október 2014

Nefndarmenn ræddu 2. lið fundargerðar og var síðan samhljóða samþykkt: „Sveitarstjórn samþykkir að taka fjármál menningarmálanefndar til umfjöllunar með nefndinni samhliða gerð fjárhagsáætlunar“. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Magnúsi Karel Hannessyni, f. h. Samb. ísl. svf., dags. 03.10.2014

Lagt fram til kynningar.

b) Jóseps H. Jósepsonar, f. h. Vesturfarans, dags. 02. október 2014

Umbeðinn fjárstyrkur 8.300 kr. samþykktur samhljóða.

c) Innanríkisráðuneytinu um umdæmamörk, ódags.

Til kynningar.

d) Vegargerðinni v/4ra ára samg.áætlunar, dags. 09.10.14, meðf. bréf sveitarstjóra til Vegagerðar, dags. 07.10.14

Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir málinu og að innan skamms lægi fyrir kostnaðarmat framkvæmda við hafnarsvæðið.

e) Bréf G. Smára Valgeirssonar f. h. hóps um kaup á Torfastaðaskóla

Borið var undir atkvæði fyrirbyggjandi kautilboð og var samhljóða hafnað. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ræða við Sókn lögmannsstofu um að koma húseigninni í sölufarli.

3. Tillögur frá sveitarstjórnarmönnum:

a) Um skipan fulltrúa í samráðsnefnd um framhaldsdeild.

Að loknu samtali við formann og varaformann fræðslunefndar samþykkir hreppsnefnd samhljóða að skipa Hafþór Róbertsson í samráðsnefndina. Einnig samhljóða samþykkt að hana skipi Sigríður Elva Konráðsdóttir f. h. sveitarstjórnar, Hafþór Róbertsson f. h. fræðslunefndar og Stefán Már Gunnlaugssonar f. h. Foreldrafélags Vopnafjarðarskóla.

b) Um reglur vegna fjarnáms með vinnu hjá Vopnafjarðarhrepp

Framlögð drög samhljóða samþykkt.

Fundargerðin síðan borin upp til samþykktar og hún samhljóða samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:57.